



Fyrsti fundur stjórnar HSV, starfsárið 2024-25

Haldinn 3 júní. 2024 kl 20:00.

Fundurinn var haldinn á kaffistofu Ístækni við Sindragötu..

Mættir: Sigurður Jón Hreinsson, Ingibjörg Elín Magnúsdóttir, Hafsteinn Már Andersen, Sif Huld Albertsdóttir Anton Helgi Guðjónsson, Páll Janus Þórðarson.

Í gegnum fjarfundarbúnað: Magnús Bjarnason

1. Formaður setur fundinn, bíður samstarfsmenn velkomna til starfa.

2. Kjör í hlutverk innan stjórnar:

Á ársþingi 2024 voru eftirfarandi kosnir inn í stjórn: Sigurður Jón Hreinsson sem formaður. Magnús Bjarnason og Hafsteinn Már Andersen sem aðalmenn í stjórn. Sif Huld Albertsdóttir, Anton Helgi Guðjónsson og Axel Sveinsson sem varamenn. Stjórn skipti með sér verkum og er því skipuð þannig:

- Formaður: Sigurður Jón Hreinsson
- Varaformaður: Ingibjörg Elín Magnúsdóttir
- Gjaldkeri: Hafsteinn Már Andersen
- Ritari: Páll Janus Þórðarson
- Meðstjórnandi: Magnús Bjarnason
- Varamaður: Axel Sveinsson
- Varamaður: Anton Helgi Guðjónsson
- Varamaður: Sif Huld Albertsdóttir

3. Aðgagnsstýring á netpóst og ritheimild á heimasíðu HSV.

Þar sem ekki er lengur starfandi framkvæmdarstjóri hjá sambandinu, sem sér um að skrifa fréttir og fylgjast með tölvupósti, þarf að ákveða verklag í þeim efnum. Formanni falið að setja sig í samband við Snerpu, sem sér um hýsingu á vefsíðu og tölvupósti

- Ákveðið að allir stjórnarmenn fái aðgang að tölvupóstinum.
- Formaður og ritari fái ritheimild á heimasíðu en ekkert efni sett inn án samráðs við stjórn..

4. Afrekssjóður.

Fram hafa komið ábendingar um að samningar um afreksstyrki til íþróttamanna séu ekki skriflegir og ákveðnar áhyggjur vegna þess. Ræða þarf við stjórn sjóðsins varðandi að gera samninga við þá sem eru að þyggja styrki. Tryggja þarf með einhverju hætti að verklag við samningana sé staðlað og staða samningsaðila tryggð með skýrum hætti.



Þá þarf að ræða við stjórnir allra sjóða sem tilheyra HSV til að fá á hreint verkaskiptingu innan sjóðanna.

5. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar.

Fara þarf í ítarlega rýni á samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar, um hvað felst í samninginum varðandi samstarf við íþrótt- og tómstundafulltrúa. Mikil óánægja er með núverandi ástand og fráskilnað fyrrverandi framkvæmdastjóra við sambandið.

Ákveðið að boða fyrrum stjórnarmenn sem gengu úr stjórn á liðnu þingu, þau Hjördísi Þráinsdóttur og Sigurður Óli Rúnarsson til að koma og ræða þeirra upplifun af stjórnarsetunni og hvaða lærdóm megi mögulega draga af síðasta starfsári.

6. Varðveisla gagna.

Þar sem HSV hefur ekki lengur skrifstofu og er án starfsmanns, þarf að finna lausn á því hvað eigi að gera við margt af því dóti og gögnum sem tilheyra sambandinu. Formanni falið að senda tölvupóst á Guðfinnu Hreiðars, skjalavörð, vegna ýmissa skjala sem tilheyra HSV og eru hugsanlega kominn tími á að koma í opinbera varðveislu.

7. Íþróttaskóli HSV/Ísafjarðarbæjar.

Á ársþingi HSV 2022, samþykkti þingið að hvetja stjórn HSV til að standa fyrir faglegri úttekt á starfsemi íþróttaskóla HSV, en sú úttekt hefur aldrei farið fram. Vaxandi óánægja er með íþróttaskólann meðal íþróttafélagana á starfssvæðinu og sífellt fleiri félög sem hafa dregið sig út úr samstarfinu. Stjórnin telur því ljóst að fara þurfi í endurskoðun fyrirkomulagsins í heild.

Verkefnið sem slíkt er hinsvegar ekki lengur á könnu HSV, þar sem með nýjum samstarfssamningi var starfið og starfsmaður verkefnisins fær yfir til Ísafjarðarbæjar.

Reglulegir fundir með sviðsstjóra og íþrótt- og tómstundafulltrúa er kjörinn vettvangur til að koma á dagskrá endurskoðun á íþróttaskólanum. Formanni falið að koma því að á þeim vettvangi.

8. Samskipti stjórnar milli funda.

Ákveðið að stofna lokaða Facebook-síða stjórnar þar sem mögulegt er að miðla gögnum og stunda umræður.

Formanni falið að stofnar hópinn og bjóða stjórnarmönnum inn.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 21:35

Fundargerð ritaði Páll Janus.